

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu á Norðurlandi eystra.

2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir	sorphirðugjald	kr. 6.000
B) Fyrirtæki	sorphirðugjald	sorphreinsigjald
Flokkur	kr.	kr.
1	110.000	275.000
2	90.000	110.000
3	65.000	
4	45.000	
5	22.000	
6	11.000	
7	6.000	

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki sem annast alla hirðingu og flutning sorps á förgunarstað.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Dalvík, 2. febrúar 2001.

Rögvaldur Skíði Friðbjörnsson bæjarstjóri.